



Félag eldri borgara Selfossi
Grænumörk 5, 800 Selfossi

B/t bæjarstjórnar Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfossi 24. mars 2022.

Efni: Þakkir og hvatning frá aðalfundi Félags eldri borgara Selfossi „FEBSEL“.

Aðalfundur FEBSEL haldinn í Mörk fimmtudaginn 24. mars 2022 þakkar bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og starfsfólki þess fyrir góð samskipti við félagið og félagsfólk. Einkum og sérstaklega er þakkað fyrir að hafa komið í framkvæmd ákalli FEBSEL um að sinna heilsueflingu fyrir eldra fólk með því að setja af stað styrktaræfingar undir stjórn fagfólks í hinu glæsilega íþróttahúsi, Selfosshöllinni, sem tekið var í notkun síðastliðið haust. Styrktaræfingar þessar hafa verið mjög vel sóttar og almenn ánægja með þær. Auk þess er ánægja með að fá aðgang að íþróttahúsinu til göngu utan skipulagðra æfingatíma þegar veður eru óhagstæð.

Hér er um svo mikilvægt verkefni að ræða, sem hefur góð áhrif á líkama og sál, að FEBSEL hvetur Sveitarfélagið Árborg að slá hvergi af og þróa verkefnið áfram öllum til góðs. Fjárfesting í forvörnum fyrir eldra fólk er arðbær og skynsamleg til lengri tíma.

F.h. Félags eldri borgara Selfossi


Þorgrímur Óli Sigurðsson
formaður

| ÁRBORG | |
|-------------|---------------|
| Brnr: 02.60 | Mótt: 28/3'22 |
| Ábm: H.Ö.K | Mnr: 2111431 |